

# Námsgrein: Náttúrugreinar

## 7. bekkur

**Kennari:** Nanna Möller

**Tímafjöldi á viku:** 2 klukkustundir.

**Námsefni:** Til grundvallar kennslu verður bókinn Náttúrulega 3 eftir Halldóru Lind Guðlaugsdóttur og Ragnheiði Ölmú Snæbjörnsdóttur. Annað efni / ítarefni fundið til / búið til af kennara.

**Kennsluáferðir og skipulag:** Umræður, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, verkefnavinna og verkleg kennsla. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, vönduð vinnubrögð og góð samskipti.

**Námsmat:** Símat. Unnin verða ýmis konar verkefni sem og að þátttaka og virkni í kennslustundum fer inn í matið. Mat hæfniviðmiða er birt á Mentor jafnóðum.

### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur geti lesið í umhverfi sitt og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun.
Sjálfbærni	Að skapa náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfsmýnd nemenda.
Lýðræði og mannréttindi	Að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt. Að taka tillit til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Að hafa jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins eru hafðir að leiðarljósi.
Sköpun	Að nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Að skapa tækifæri til að miðla verkum til annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið
<b>Fjölbreytt flóra</b>	Náttúrulega 3	<ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni</li> <li>- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum</li> <li>- lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni</li> <li>- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu</li> <li>- lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi</li> <li>- lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt</li> <li>- útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér</li> </ul>
<b>Kynþroski og erfðafræði</b>	Náttúrulega 3  Ég og sjálfmyndin (Næsta stopp kynþroskinn).	<ul style="list-style-type: none"> <li>- gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri</li> <li>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>- útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks</li> <li>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni</li> <li>- gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama</li> <li>- lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum</li> <li>- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna</li> </ul>
<b>Orka og auðlindir</b>	Náttúrulega 3	<ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni</li> <li>- beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið</li> <li>- lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd</li> <li>- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar</li> <li>- lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra</li> </ul>
<b>Hlýnun jarðar</b>	Náttúrulega 3	<ul style="list-style-type: none"> <li>- greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir</li> <li>- rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi</li> <li>- tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veða og meta ólíka kosti</li> <li>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku</li> <li>- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra</li> <li>- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa</li> <li>- tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð</li> <li>- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru</li> <li>- gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun</li> <li>- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs</li> </ul>
<b>Jarðfræðilega</b>	Náttúrulega 3	<ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku</li> <li>- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur</li> <li>- framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum</li> <li>- útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist</li> <li>- útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu</li> <li>- útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð</li> <li>- útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita</li> </ul>